



# Fréttabréf

## Íslenska bútaumaumfélagið

Útgefandi Íslenska bútaumaumfélagið, Vorsabær 7, 110 Reykjavík  
1. tbl. 16. árgangur 2016



Saumaðu allt sem þú hefur hingað til  
aðeins látið þig dreyma um

**PFAFF**




## Husquarna Viking Designer EPIC

Fullkonnasta saumavélin á markaðnum kemur þér á óvart með ótrúlegum möguleikum og nýrri tækni. Sama hver hugmyndin er, hvort sem það er bútasaurur eða útsaurur, þá geturðu gert hana að veruleika með þessari vél.

# Efnisyfirlit

Aðalfundur .....	3
Ágætu félagar .....	3
Elina Lús-Grinberga námskeið .....	4
Kynning á Elina Lús-Grinberga .....	5
Handverk að vestan .....	6
Hún saumar, hann sker og stingur .....	8
Hetjuteppi .....	10
Samvinna feðgina .....	12
Motta undir saumavélarfótinn .....	14
Áhugaverð vefsíða .....	16
Myndir úr starfi .....	17
Vistvæn bómull .....	18
Jólasamkeppni .....	20
Perluteppið .....	22
Bútasaumsýning 2017 .....	22
Bútasauður – úti og inni – 18. júní 2016 .....	23



Forsíðuteppið er Bjarnarklóarteppi sem er saumað af Péttri Guðmundssyni og stungið af Guðrúnu Skúladóttur „Grunquilting“.

**Útgefandi:** Íslenska bútasaumsfélagið

**Ábyrgðarmaður:** Ragnheiður Björnsdóttir

**Ritnefnd:** Guðbjörg Helga Sigurðardóttir  
gudbjorganita@gmail.com  
Svala K. Stefánsdóttir  
s.gagga@centrum.is

**Heimilisfang:** Vorsabær 7, 110 Reykjavík

**Sími:** 554 4109

**Heimasíða:** www.butasauður.is

**Facebook:** Íslenska Bútasaumsfélagið

**Netfang:** fingurbjorg@gmail.com

**Umbrot:** Davíð Gunnarsson

**Prentun:** Leturprent

## Ágætu félagar

Nú er að líða að lokum þessa starfsárs sem hefur verið fjölbreytt og skemmtilegt.

Nýjir félagar hafa bæst í hópinn og aðrir gengið brott en það er háttur frjálsra félaga. Blómlegt félagsstarf fæst með hæfilega mörgum félögum og virkni þeirra. Einnig hefur hvatning almennra félagsmanna mikið að segja.

Framundan er aðalfundur með kosningum til stjórnar og ýmissa nefnda og trúnaðarstarfa. Vonandi verða margar viljugar hendur sem koma á loft þegar það allt verður borið upp. Í félaginu kynnist maður öðrum með sama áhugamál og enn betur þegar menn starfa í stjórnnum og nefndum. Á næsta aðalfundi verður lagt til í fyrsta sinn að kosið verði í sérstaka ferðanefnd. Það er vegna þess mikla áhuga sem bæði vorferðin og ferðir til útlanda hafa vakið. Öll eru þessi störf ólaunuð en formaður félagsins fer sem fulltrúi okkar á árlega sýningu í Birmingham og fær ferð og gistingu greidda. Svo það er til nokkurs að vinna.

Á næstu árum 2017 og 2020 verða haldnar sýningar á vegum félagsins. Ekki er búið að ákveða neitt í þeim efnum en það er eitt af hlutverkum félagsins. „Ekki er ráð nema í tíma sé tekið“ og sjálfsagt að hefja undirbúning að þeim.

Ragnheiður Björnsdóttir

## Aðalfundur

Aðalfundur Íslenska bútasaumsfélagsins verður haldinn laugardaginn 9. apríl kl. 10:00.

Fundurinn verður haldin í safnaðarheimili Grensáskirkju.

### Störf aðalfundar eru:

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um störf á liðnu ári
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Tillaga um árgjald
5. Skýrslur nefnda
6. Lagabreytingar, enda hafi þær borist stjórn fyrir boðun aðalfundar
7. Kosning formanns
8. Kosning meðstjórnenda
9. Kosning varamanna
10. Kosning tveggja skoðunarmanna
11. Kosning í nefndir
12. Önnur mál
13. Aðalfundi slitið

Ferðatöskusala og spjall

Kl. 13:00 hefst námskeiðið Inspiring nature.

Sunnudag og mánudag kl. 10 námskeið Inspiring classics.

# Elina Lusi-Grinberga námskeið



## Inspiring classics – open window motif

The aim of this class is to create your own unique decorative surface by exploring the three-dimensional “open window” motif. Participants will learn design principles by combining “the window” with various views through it. Through the creative approach to such classical techniques as cutting, folding, pleating at least 3-4 different “views” will be made. Additionally the students will receive guidelines on several finishing options how to incorporate “the window” in the composition of the artwork. This piece may also further function as an idea or a part for a bigger quilt.

Class level: All levels  
Class length: 6 hours



## Inspiring nature – leaf motif

The aim of this class is to create a unique art piece that reflects the creative approach to depicting and stylising of the natural forms. The students will learn how to apply the machine-embroidered lace as a part of the design to incorporate lightness and transparency into artwork. By experimenting with different fabrics and combinations of techniques the participants will create an original art piece that may also further function as an idea or a part of a bigger quilt.

Class level: All levels  
Class length: 3 hours

# Kynning á Elina Lusis-Grinberga



Það undrar engan að Elina Lusis-Grinberga hafi lagt textillist fyrir sig. Faðir hennar er listmálari og móðir hennar textillistamaður. Allt frá barnæsku man hún eftir sér við að búa eitthvað til úr afgangum sem féllu til hjá foreldrum hennar. Málning á bursta og efni, tvinni og þræðir. Hún var mjög ung að árum þegar hún vissi að hún myndi vinna sín eigin verk. Sú víska auðveldaði henni að verða faglegur listamaður. Þó hún hafi alist upp innan um pensla, málningu og málverk var hún alltaf með hugann við textil og alla þá möguleika sem hann býður upp á.

Hún er með B.A. gráðu frá Textile Department of Latvian Academy of Arts and M.A. gráðu í Textil arts frá sama skóla. Hún hefur unnið með textillist í 30 ár eða síðan 1985. Á þeim tíma hefur hún lært að nota ýmsa tækni og mismunandi efni, s.s. batik, panel o.fl.

Hún hefur aldrei efast um að sérstakur textil stíll er hennar viðfangsefni.

Undanfarin 15 ár hefur athygli hennar einnig dregist að bútasaum og annarri sköpunartækni og endalausum hugmyndum á því sviði. Nútímataekni og stafræn verkfæri bjóða upp á breitt úrval af lausnum. Hún hefur fundið dýrmætar nýjungar þar sem ný efni eiga leið til að tjá eitthvað þegar hefðbundin aðferð eða efni myndu ekki nægja. Verk úr óhefðbundnum trefjum endurspeglar tilraunir hennar og mismunandi aðferðir, til dæmis ásaumur, batik, og hand- og vélútsaumur.

Elena er formaður Lettneska bútasaumsfélagsins. Í félaginu eru rúmlega 100 félagar. Félagið er u.þ.b. 10 ára og stendur árlega fyrir sýningu „Quilting Art Riga“.

Á síðustu 10 árum hefur hún verið fengin til að kenna á bútasaumshátíðum

í Evrópu s.s. Birmingham Englandi, St. Marie-aux-Mines Frakklandi, St. Moritz Sviss, Pétursborg og Moskvu, Rússlandi.

Markmið hennar er að hvetja nemendur og kenna þeim hvernig á að þróa eigin listrænan stíl og búa til skemmtileg verk með því að nota og gera tilraunir með mismunandi efni úr trefjum og með annari áferð auk skapandi bútasaums með öllum nýju saumvélunum.

Elina hefur alltaf lagt áherslu á að gera hlutina mjög vel og skipulega. Hún tileinkar sér tæknilega færni og rannsóknir. Hún kynnir sér sögu efna og framfarir og þróun þeirra í nútíma samhengi. Hún hefur alltaf verið forvitin og fús til að auka þekkingu sína og fylgjast með því nýjasta í listaheiminum.

*Ragnheiður Björnsdóttir*

# Handverk að vestan


Bútasaumsklúbburinn Þjötlurnar á norðanverðum Vestfjörðum er öflugur klúbbur með mikið félagsstarf og margar verulega handlagðar konur innanborðs. Ein af þeim heitir Kristín Hreinsdóttir, kölluð Stína, sem býr í Hnífsdal. Hún saumar og stingur mikið í höndum og er jóladúkúrin hennar orðinn frægur meðal bútasaumskvenna um allt land.

Hugmyndina að honum fékk Stína þegar jólamjólkurfernurnar, með Grýlu og Leppalúða og þeirra hyski, komu fyrst. Hún tók fernurnar, stækkaði myndirnar eins og hægt var í heima-tölvunni en varð svo að fara á bókasafnið til að fá þær stækkaðar meira. Næst dró hún þær upp á smjörpappír og notaði hann til hjálpar við rétta staðsetningu á búتونum þegar hún saumaði þá niður. Hér má sjá aðferðina á stykki sem dóttir hennar er að sauma, í læri hjá mömmu sinni.

Natnin við saumaskapinn á myndunum á jóladúknum er mikil og hvert smátriði er tekið með eins og sjá má á nærmyndum. Dúkúrin fer á borðstofuborðið, með glærum plastdúk til hlífðar, fyrir hver jóla, börnum og fullorðnum til ánægju.


Bútasauður er ekki það eina sem Stína gerir því hún orkerar líka og hefur haldið námskeið í því. Hér eru nokkur dæmi um verkin hennar: smádúkar með innsettum perlum, eyrnalokkur, bollapar og jólaköttur til að hengja á tréð.

*Sunna Rey Sigurjónsdóttir*





# Hún saumar, hann sker og stingur



Ekki eru margir karlmenn sem eru í bútasaum og því er gaman þegar fréttist af slíkum. Í Breiðholti bú hjónin Alice Petersen og Guðmundur R. Óskarsson og þau eru í bútasaum.

Það sést á heimili þeirra hjóna að þarna er handverksfólk á ferð. Víða liggja hekluð teppi eftir Alice og útskornar myndir og munir hanga víða eftir Guðmund. Einnig hefur hann smíðað eldhúsinnréttinguna og skorið út í dyrastafi. Allt frá því að Alice smitaðist af bútapestinni fyrir rétt um 20 árum hefur Guðmundur verið henni innan handar við verkefni. Þau hjón velja sér munstur og efni í teppin og Guðmundur setur sniðin upp í Excel þar sem hann reiknar nákvæmlega hversu margar bútar eigi að vera í teppinu, mál þeirra og liti. Síðan er það hans hlutverk að sníða í teppið. Guðmundur færir síðan konu sinni búтана tilbúna að saumavélinni. Forlata bord eru í holinu þar sem vinnuaðstaða er fyrir sníðavinnuna. Alice tekur síðan við að sauma og strauja og klárar að sauma saman toppinn. Lengi vel fóru þau með teppin í stungu en þegar verkefnunum fjölgaði var það þó nokkur kostnaður að gera slíkt þannig að Guðmundur ákvað að hanna stunguvél þannig að þau gætu klárað teppin sjálf. Guðmundur byrjaði að smíða vélina 2010 og hefur hún verið smá endur-



bætt síðan. Guðmundur setur grind á bordstofubordið. Á grindina setur hann 3 kefli þar sem toppur, vatt og bakefni er rúllað uppá. Þar fyrir framan er síðan slétt bord, sem munsturplatan er sett á og sledinn með saumavélinni liggur þar yfir, niður úr sledanum er dúkknál sem rennur eftir munstrinu og stýrir vélinni eftir teppinu. Guðmundur stjórnar síðan fótstiginu um leið og hann stýrir sledanum með vélinni.

Guðmundur nýtir sér aðstöðu sem hann hefur á vinnustað. Byrjar á

að teikna munstrin upp í tölvuforriti sem yfirfræsarinn skilur og lætur síðan fræsarann sjá um að útbúa munstrin. Síðan þegar búið er að stinga teppið er stunguvélin tekin niður og geymd í bílskúrnum þar til næsta teppi er tilbúið til stungu.

Það var gaman að fá að heimsækja þessi handlöggu hjón og heyra hvernig teppin verða til hjá þeim.

Svala Stefánsdóttir og  
Guðbjörg Sigurðardóttir





# Hetjuteppi

Í vor voru að venju gefin teppi í verk-  
lefnid Teppi handa hetju 2015. Að  
þessu sinni voru gefin 29 teppi.

Nefndin ákvað að biðja með að  
afhenda teppin til Umhyggju þar sem  
ekki hafði gengið vel á árinu 2014 að  
kalla fólk saman með börnin til að velja  
teppi. Fyrir því eru ýmsar ástæður t.d.  
veikindi barna o.fl. Nefndin er alltaf  
með hugann við að afhenda teppin  
sem fyrst. Við erum með tengil á Höfn  
í Hornafirði, Sigrúnu Ingólfssdóttur en  
hún er í forsvari fyrir bútasaumsklúb-  
bnum Ræmurnar. Hún sinnir afhendingu  
á Austfjörðum og Héraði.

Einnig höfum við fengið fregnir af  
börnum bæði í gegnum kunningskap  
og fjölmiðlaumfjöllun, í þeim tilfellum  
höfum við haft samband við foreldra  
og forstöðuproskajálfa á viðkomandi  
stöðum. Þannig voru afhent 15 teppi í  
sumar og haust.

Haft var samband við formann  
Downfélagsins, Þórdísi Ingvadóttur,  
sem brást vel við og skipulagði afhend-  
ingu þann 7. nóvember í sal Umhyggju.  
Safnað var saman öllum teppum sem til  
voru bæði hjá Umhyggju og formanni  
nefndarinnar. Það var stór hópur barna  
og unglunga sem mættu með foreldr-  
um sínum til að velja sér teppi. Það var  
mikill eftirvænting og gleði hjá öllum að  
finna réttu litina og mynstrið, stærðin



skipti minna máli þó að margir hafi spáð  
í það líka.

Allir þiggjendur vilja senda sínar  
bestu þakkir til ykkar kærur félagar sem  
hafið lagt ykkar af mörkum til að sýna  
umhyggju og samkennd í verki og  
gleðja.

Hér eru nokkrar umsagnir frá for-  
eldrum: „Við erum mjög glöð með gjöf-  
ina. Við þurfum oft að fara með telpuna  
okkar suður til lækninga og teppið er  
alltaf með og kemur að góðum notum“.  
„Okkur Guðmundi langar að þakka  
kærlega fyrir þessa fallegu gjöf sem þú  
færðir honum Nóa. Hann er himinlif-  
andi með teppið, vill helst sofa með  
það á nóttunni og enga sæng. Teppið er


einstaklega fallegt og vel gert og þetta er  
bara algjört listaverk. Hjartans þakkir og  
Nói biður að heilsa.“

Og frá formanni Downs félagsins:  
„Innilegar þakkir fyrir þessi fallegu  
teppi handa börnunum okkar. Mikið var  
þetta gaman á laugardaginn og frábær  
mæting. Það rignir yfir mig þakklætis-  
kveðjum til ykkar.“

Á slóð Downs félagsins, downs.is, er  
hægt að sjá fleiri myndir af teppunum.

Bestu kveðjur og von um áframhald-  
andi samvinnu.

*Dagbjört Guðmundsdóttir  
Formaður Hetjuteppanefndar*





## Verklagsreglur fyrir gerð Hetjuteppa

Gefendur eru beðnir að hafa eftirfarandi í huga:

- Markhópurinn eru langveik börn og unglingar og einstaklingar með ýmiskonar fatlanir eða raskanir á aldrinum 0-25 ára.
- Lágmarkstærð á ungbarnateppi skal vera 100x120 m, annars frjálst.
- Litaval er frjálst en veljið liti og mynstur sem höfða til markhópsins.
- Teppið þarf að vera sterklega saumað til að þola tíðan þvott.
- Teppið þarf að vera þétt stungið hvort sem það er gert í höndum eða vél. Það er að segja, óstunginn flötur má ekki vera stærri en lófi (u.þ.b. 10 cm). Reynslan segir okkur að teppin endast betur ef að þau eru þétt stungin.
- Merkja skal teppið á þar til gerðan teppamiða sem saumaður er á bakhlið í hægra horn teppisins, á honum skal standa:  
Teppi handa Hetju og ártal. Nafn klúbbs eða einstaklings sem gefur, merkingin þarf að vera skýr og varanleg.
- Þiggjendum er það mjög mikilvægt að teppi sé merkt „Teppi handa Hetju“ og aðstandendum þykir mikilvægt að vita hver gerði teppið.

Það er í góðu lagi að endurnýta efni svo framarlega að þau séu óslitin og hrein. Nefndin tekur á móti teppum viku fyrir aðalfund. Vinsamlegast virðið skilafrestinn.

Teppin eru öll mynduð og skráð með nafni gefanda.

Hægt er að skoða myndir af öllum eldri teppum á heimasíðu félagsins Íslenska bútaumsfélagsins ([butasaumur.is](http://butasaumur.is)), undir Hetjuteppi.

Dagbjört Guðmundsdóttir formaður  
s: 865 3347, Vesturberg 122, Reykjavík  
Borghildur Ingvarsdóttir s: 849 8022  
Pálína Árnadóttir s: 861 6053

# Samvinna feðgina

Herdís Zophoniasdóttir og sonur hennar Orri Gautur Pálsson gerðu í samvinnu þetta fallega teppi sem er sýnt hér til hliðar. Herdís er náms- og starfsráðgjafi við Menntaskólann á Akureyri og Orri er forritari. Herdís fór á bútasaumsnámskeið fyrir 35 árum hjá Rósu Júlíusdóttur og hefur síðan saumað bútasauum.

Hún var margbúin að bjóðast til að sauma teppi handa Orra en hann hafði lítinn áhuga á því, þannig að hún var búin að gefast upp á að reyna það.


Orri lærði forritun við við IT Universitý í Köbenhavn.

Dag einn hafði Orri síðan samband við móður sína og langaði til að fá hana til að sauma handa sér teppi sem hann myndi hanna.

Við birtum hér tvær myndir, eina af teppinu fullunnu og aðra af tölvumynd þar sem Orri er búinn að skanna efnin inn og merkja reitina fyrir móður sína.

Herdís er viss um að munstur og litaval á teppinu var ákveðið samtímis. Orri vildi hafa það blátt og hafa það dekkst í miðju og lýsast til hliðanna. Hann setti teppið upp í lit og móðir hans var með það til hliðsjónar er hún fór að velja efni í teppið.

Herdís keypti flest efnin í JoAnn í USA þar sem var úr nógu að velja í bláu litunum. Vakti þessi aðferðafræði við litavalið mikla athygli hjá afgangslúfólkinu, þannig að þau óskuðu eftir að fá mynd af teppinu fullunnu.



Teppið er í allt 440 bútar, þar sem hver bútur var ferningur 5" á kant. En teikningin hljóðaði uppá 480 búta en smá misreikningur var hjá Herdís þannig að hún keypti ekki nógu mikið efni í JoAnn. Síðan þegar hún vildi kaupa fleiri efni fékk hún ekki þá viðbót hér

sem hún var ánægð með og minnkaði teppið niður í 440 búta.

Orri setti upp töflu þar sem mynd af efnunum og fjöldi búta kemur fram og fór Herdís eftir því við að sníða búтана. Eftir að hún var búin að sníða var hún ekki svo lengi að sauma teppið enda allt vel merkt frá Orra.

Hún byrjaði að sníða í nóvember og var teppinu lokið fyrir júl. Bakið er óhefðbundinn bútasauumur og þar var líka nýtt allt sem hún hafði í höndunum en það kemur mjög vel út. Það sést að þarna er tæknin notuð til að auðvelda vinnuna við undirbúninginn.

Kannski er þetta það sem koma skal, að við nýtum betur þau verkfæri sem til eru til að sjá teppin fyrirfram og auðvelda okkur ákvarðanirnar.

Svala Stefánsdóttir



EUROPEAN QUILT ASSOCIATION

## Kveðja frá Íslandi

Verk hvers lands verða hengd upp á sýningu EQA 2016

### Reglur:

- 1. Stærð:** Hæð 25 sm og breidd 35 sm (landscape).
- 2. Gerð:** Verkin verða hengd upp þannig að aðeins framhliðin er sýnileg. Hvert verk á að innhalda a.m.k. eitt íslenskt frímerki (pappír, prentað á efni, útsaumað o.s.frv.) verður að vera hluti verksins.
- 3. Kantar:** Engir sýnilegir kantar eða sikksak saumar. Tilvalið að sauma saman og snúa síðan við og loka með handsaumi.
- 4. Upphengi:** 10 sm upphengi skal sauma á bakhlið verksins.
- 5. Merking:** Verkin skulu merkt með nafni, heimilisfangi og nafni verksins á bakhlið verksins t.d. á upphengi.
6. Nota má hvaða aðferð sem er við gerð verksins, það á að vera í þremur lögum, framhlið, vatt og bakhlið. Rammar eða gler er **ekki** leyfilegt.
7. Samsýning EQA ber heitið: Með kveðju frá ..... og verður sýnd á bútasauumshátíðinni (Festival of Quilts) í Birmingham 2016. Mögulega verða verkin send á milli aðildalanda EQA á næstu tveimur árum en að þeim tíma liðnum verður þeim skilað til eigenda sinna.
8. Allir félagar Íslenska bútasauumfélagsins mega senda stjórn félagsins verk sem valið verður úr án nokkurs þátttökugjalds. Verkin eru ekki til sölu.
9. Öll verkin eru tryggð fyrir lága fjárhæð meðan á sýningu stendur og vegna flutnings fram og til baka. Glatist verk eða skemmist er félagið ekki bótaskyld.
10. Umsóknin ásamt góðri mynd af verkinu á að berast stjórn Íslenska bútasauumfélagsins fyrir aðalfund.
11. Hvert aðildarfélag innan EQA velur sextán verk til þessarar samsýningar.
12. Ljósmyndir af verkum kunna að vera notaðar í auglýsingaskyni.



**Quiltbúðin**  
bútasauumur · handavinna · garn

**ALLT TIL Í BÚTASAUMINN.**

**MUNIÐ HÚSMÆÐRAORLOFIN Á LÖNGUMYRI!**

**ERUM MEÐ SAUMAVÉLAR OG FYLGIHLUTI  
FYRIR PFAFF OG HUSQVARNA.**

**HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR**

Opnunartími er mánudaga-föstudaga 10:00-18:00 og laugardaga 11:00-14:00.  
Sunnuhlið 12 – Sími 461 2241



# Motta undir saumavélarfótinn



## Efnisþörf

1 fattari

2 x 10" x 12" gúmmíundirlag

1 x 5" x 11" vatt eða annað efni sem gott er að rúlla upp

Títuprjónar

Nál og tvinni

Byrjið á að skera gúmmíundirlagið (það fæst í Rúmfatalagernum).

Skerið því næst þrjár ræmur 2 1/2" x lengdina á efninu og saumið saman í bindingu.

Skerið búið 6" x 12" úr efninu, takið vattið og rúllið nokkuð þétt upp og setjið efnisbútin utan um saumið saman.



Saumið bindinguna á botninn og brjótið hana því næst inná efri partinn og stillið pulsunni þannig að hún saumist með þegar bindingin er saumuð niður. Gott er að festa pulsuna niður með því að taka nokkur spor í miðjuna.

Mér gengur betur að sauma með því að leggja sníðapappír undir, (gúmmíið er svo stamt) og rífa hann svo burtu.

Sniðugt er að sauma poka utan um mottuna úr restinni af fattaranum, sem gott er að stinga mottunni í þegar farið er á flakk með vélina.



Hugmyndin fengin af Pinterest og breytt af mér fyrir saumavélarfót.

Góða skemmtun við saumana og njótið.

*Sigríður Poulsen*

**Vertu með okkur á**

<http://www.facebook.com/butasaumur>

**facebook**

# Áhugaverð vefsíða

Olga Magnúsdóttir er fjölhæf búta-  
saumskona í Skraddaralúsunum  
í Hvalfjarðarsveit ásamt því að sitja  
í stjórn Íslenska búta-  
saumsfélags-  
ins. Við fréttum að hún hafi pantað  
mánaðarverkefni frá síðunni The Quilt  
place ([www.thequiltplace.com](http://www.thequiltplace.com)) sem er  
á Florida. Er hún yfirleitt alltaf með eitt  
verk í gangi frá þeim.

Olga hefur keypt 4 mánaðarverkefni  
frá þeim. Bláðið leitaði til Olgu til að fá  
að sýna myndir af verkunum.

Fyrst gerði hún jólateppi sem var  
6 mánaða verkefni, síðan tók við stórt  
teppi sem var 12 mánaða verkefni og  
finnst Olgu það fallegasta verk sem hún  
hefur gert enda var það mikil áskorum  
því mikil handsaumur var við það teppi.  
Næst tók við annað 6 mánaða verkefni  
sem var allt saumað í vél. Nú er Olga að  
gera verkefni sem tekur 12 mánuði og er  
allt „paper picing“ (pappírssaumur).

Olga hefur farið með teppin í stungu  
bæði til Hrafnhildar Svavarsdóttur og  
einnig Sæunnar Thorarensen.

*Svala Stefánsdóttir*





# Myndir úr starfi



# Vistvæn Bómull

Í síðasta vorblaði skrifaði ég grein um ræktun á bómull og hvaða afleiðingar ræktunin og vinnslan hefði á umhverfið. Í þessari grein ætla ég hins vegar að fjalla um vistvæna ræktun og litun bómullar.

## Vistvæn bómull

Skordýraeitur og önnur eiturfni við ræktun og framleiðslu bómullar hafa haft mikil áhrif á umhverfi okkar og heilsu starfsmanna á ökrum og í verksmiðjum. Margir neytendur eru líka farnir að hafa áhyggjur af þeirri mengun og neikvæðu áhrifum sem þessi framleiðsla hefur á lífríkið og heilsu fólks. Krafa um umhverfsvænni vöru hefur aukist jafnt og þétt. Framleiðendur eru margir hverjir farnir að leita leiða til þess að draga úr notkun eiturfna með því að rækta skordýraþolna bómull og lita bómull með náttúrulegum litum. Dæmi um önnur umhverfsvæn efni sem eru framleidd í heiminum í dag eru bambus, lín og hampur.

## Lífræn ræktun og náttúruleg litun

Við ræktun á vistvænni bómull og lífrænum textílefnum er þess gætt að nota ekki neins konar eiturfni eins og skordýraeitur eða illgresiseyði sem geta mengað jarðveginn. Einungis er notaður náttúrulegur áburður eins og mykja, fugladrit, rotmassi og náttúruleg steinefni. Notkun skordýra sem ráðast á þau skordýr sem valdið geta skaða við ræktunina er einnig þekkt, nefnt lífrænar varnir. Fylgst er vel með ásigkomulagi



jarðvegs og vatnsmagni, en mikið vatn er notað í textíliðnaði. Með því að draga fram og rækta upp erfðavisa sem í plöntunum búa má fá fram marga liti. Þetta þekkja Íslendingar í náttúrulegum ullarlitum íslensku sauðkindarinnar. Minni líkur eru á ofnæmisviðbrögðum þegar notuð er lífræn bómull. Hún er hreinni og mýkri en bómull því kemísk efni eru ekki notuð.



## Náttúrulegur litur bómullar

Almennt er talið að ræktað bómull hafi alltaf verið hvít og til þess að fá mismunandi liti sé hún lituð. Raunveruleikinn er allt annar. Náttúrulegir litir bómullarplöntunnar eru brúnir, grænir og ljósir. Elstu heimildir um bómull í mismunandi litum sem fundist hafa eru í Mið Ameríku, 2300 árum f.Kr. og einnig á norðurströnd Perú um 3100 árum f.Kr. Nokkra af þessum litum má sjá í vefnaði frá þessum slóðum. Fiskimenn í Perú notuðu dökka bómull í fiskinet sín því að fiskarnir áttu erfitt með að greina dökk netin. Astekar sem voru ráðandi

stétt í Mið-Ameríku fengu lituð bómullarefni sem gjafir frá íbúum í dölunum í kring. Sjá má í gögnum frá löngum liðnum tíma að Spánverjar sem fóru um eyðimörk Perú voru heillaðir af bómullarökrunum og litaúrvalinu.

Sally Fox, sem við segjum frá hér á eftir, hóf árið 1982 að rækta bómull í náttúrulegum litum sem þekktir voru á meðal Maya og Inka fyrir þúsundum ára. Það tók hana 10 ár, fyrst allra, að rækta bómull í náttúrulegum brúnunum litum sem hægt var að vélsinna. Bómull í svipuðum litum var ræktað, en hana var aðeins hægt að handspinna þar sem þræðirnir voru of stuttir fyrir vélar. Þar sem þessi bómull er ræktað af fræjum sem eiga að vera ónæm fyrir sjúkdómum er hún ónæm fyrir árásum skordýra sem þýðir að plantan hentar vel í vistvæna ræktun. Það kom Sally á óvart þegar hún uppgötvaði að í þessari brúnu bómull sem hún var að rækta leyndust litarefni sem gáfu græna, rauða og bleika liti. Litunum hefur Sally náð með krossræktun bómullarplanta.

## Tveir lífrænir framleiðendur

Ég ætla að segja frá tveimur ræktendum sem hafa lagt fyrir sig ræktun á lífrænni bómull. Það er annars vegar **Sally Fox (FoxFibre™)** en nafn hennar kom ítrekað upp þegar ég var að leita að efni í þessa grein. Hins vegar er það sænska fyrirtækið **The Ecocotton Co** sem ræktar bómull í Perú.

Í byrjun gekk mjög vel hjá Sally Fox og fyrirtæki hennar varð mjög stórt. Bómullarframleiðendur höfðu áhuga á þessari framleiðslu og þetta hafði góð áhrif á umhverfið, en það voru blikur á lofti. Framleiðendur á hvíttri bómull sögðu að náttúrulega bómullin sem



Sally framleiddi og var spunnin í sömu verksmiðju og sú hvíta, smitaði út frá sér. Þeir neituðu því að spinna hennar bómull nema hún borgaði hærra verð fyrir spunann. Sally framleiðir m.a. litina: „Coyote Brown“, „Buffalo Brown“, Palo Verde“ og grænan lit.

Vörumerki Sallyar er **FoxFibre™** og í dag er framleiddur fatnaður úr bómull sem framleiddur er á umhverfisvænan hátt án notkunar eitrefna. Sally hefur oft fengið viðurkenningar fyrir starf sitt og fyrir að hafa unnið að verndun umhverfisins.

Sænska fyrirtækið **The Ecocotton Co** hóf tilraunir með vistvæna ræktun bómullar í Perú upp úr 1980. Það gekk ekki þrautalaust fyrir sig að fá bændur til þess að breyta um aðferð og hverfa til baka og taka upp ræktunaraðferðir forfedranna. Fyrstu tvö árin gekk ræktunin ekki vel en á þriðja ári fór að sjá til sólar. Í dag, 30 árum síðar, er fyrirtækið í sambandi við 400 bændur sem eiga bóndabýli, á alls um 1.000 ha lands í 5 dölum í Perú. Framleiðslan er meira en 1.000 tonn á ári. Þarna fer fram öll tínsla, hreinsun, litun, spuni og saumskapur. Framleiðslan er merkt með umhverfismerkinu **GOTS (Global Organic Textile Standard)**.



til að rækta bómullina. Í þessari ræktun er notað leysingavatn frá Andesfjöllum sem er leitt í skurðum og göngum í gegnum fjöllin og niður í dalina og rennur síðan áfram út í Kyrrahafið. Áburðurinn er hænsna- og sjófugladrit. Fræjum er sáð í ágúst til að koma í veg fyrir skemmdir vegna skordýra. Áður en sáð er á ný eru gömlu plönturnar brenndar til að drepa skaðleg skordýr og lirfur svo þau skemmi ekki framleiðsluna. Jarðvegurinn er síðan vökvaður vel til þess að drekkja skordýrum sem mögulega lifðu brunann af. Næturfíðrildum er hvað erfiðast að verjast, en það leysa bændur með því að dreifa lyktaðormónum (ferómónum), efni sem platar karlfíðrildið. Það telur að kvenfíðrildið sé á ferðinni og fer því erindisleysu í makaleitinni.

Eitt er það sem auðveldar bændum ræktun bómullar á þessu svæði er það að hver dalur er með sér umhverfissvæði, þ.e. dalirnir eru djúpir og skaðvaldar fara ekki auðveldlega á milli dala. Annað sem þarf að gera við svona ræktun er svokölluð skiptiræktun. Máts er t.d. sáð um leið og bómullinni og baunum þegar uppskeru bómullar er lokið. Baunirnar nota fjölskyldurnar í eigin þágu. Þar sem öll bómull er handtýnd segir það sig sjálft að starfsfólkið verður ekki fyrir eituráhrifum þar sem eitrefni eru ekki notuð.

Þess má til gamans geta hér að fyrirtækið **The Ecocotton Co** stundar miklar rannsóknir í sambandi við ræktunina og það hefur nýlega búið til textílefni úr mjólkurfiberum og bómull. Blandan er 70% mjólk og 30% bómull. Efnið er mjúkt og passar vel í undirföt og barnaföt.

Eins og áður er sagt eru engin eitrefni notuð við ræktunina og engin litarefni við framleiðslu á þeim vörum sem framleiddar eru úr bómullinni.

Ræktun á umhverfisvænni bómull krefst mikillar þekkingar á varnarmeðulum, áburðargjöf og vatnsnotkun. Mikið vatn þarf

## Eitur- og litarefni valda mikilli mengun

Almenn ræktun á bómull er ein af helstu ástæðunum fyrir mengun jarðar. Það er vitað að nú er fjórðungur skordýraeitur notað við framleiðslu á venjulegri hvítri bómull. Við vinnslu hennar bætast svo við litunarefni skaðleg umhverfinu.

Ræktun og framleiðsla á venjulegri bómull veldur um 10% af allri mengun jarðar. Um 600.000 tonn af skordýraeitri eru notuð af framleiðendum bómullar í Bandaríkjunum einum og sér. Notkun á skordýraeitri í Perú á níunda áratug síðustu aldar nam 8 kg á hvern íbúa landsins. Þrátt fyrir það tókst ekki að útrýma nema um 1% af skordýraplágum sem herjuðu á ræktunina.



Skordýraeitur er framleitt til þess að útrýma skordýrum sem m.a. herja á bómullarplöntuna. Eitrið fer svo í jarðveginn og þaðan í drykkjarvatnið og safnast svo fyrir í lífverum með tímanum. Ræktendur nota eitrefnin til þess að koma í veg fyrir að framleiðslan skemmist en áhrifin á fólk, dýr og gróður eru alvarleg og langvarandi. Það væri hægt að nefna mörg dæmi um skaðleg áhrif þessarar notkunar, en það verður ekki farið út það í þessari grein en það er vert að velta fyrir sér spurningunni: **Hver eru áhrifin af eitrefnanotkun bómullarframleiðslunnar fyrir mannkynið?**

### Heimildir:

<http://www.foxfibrecolorganic.com/en/present-and-future/>  
Rowan Knitting Magazine No. 15, 1994  
Vävmagasinet, 3/10.  
Vävmagasinet, 3/11  
[www.ecocotton.com](http://www.ecocotton.com)  
[https://www.organicconsumers.org/old\\_articles/clothes/color090804.php](https://www.organicconsumers.org/old_articles/clothes/color090804.php)

Margrét Óskarsdóttir

# Jólasamkeppni



Á síðasta jólafundi var samkeppni um veggstykki og var þemað Birta/ylur. Í keppnina komu 9 verk hvert öðru fallegra og frumlegra. Salurinn átti að velja eitt og spurningin var „Hvaða veggmynd myndir þú vilja taka heim með þér?“. Eitt veggstykkið fékk mikinn meirihluta en hin voru mjög jöfn.

Dómnefnd skipuð af Olgu Magnúsdóttir, Svölu Stefánsdóttur og Péttri Guðmundssyni (f.h. sýningarnefndar) fékk svo það erfiða verkefni að velja eitt verk. Þriðju verðlaunin var svo það verk sem fékk næstflest stig hjá salnum.

Verðlaunahafar voru svo:

Salurinn 1. verðlaun fékk Hrönn Scheving.

Salurinn 2. verðlaun hlaut Lára Hjördís Halldórsdóttir.

Dómnefnd valdi svo verk eftir Ragnheiði Björnsdóttur.

Allir þátttakendur fengu svo einn fattara af fallegu jólaefni.

*Sýningarnefnd*



*Hrönn Scheving vann salinn.*



*Lára Halldórsdóttir.*



*Ragnheiður Björnsdóttir vann dómnefnd.*



Guðrún Sólborg Tómasdóttir.



Lilja Björk Sigurdórsdóttir.



Lovísa Jónsdóttir.



Margrét Hauksdóttir.



Margrét Ósk Árnadóttir.



Margrét Ósk Árnadóttir.

# Perluteppið



Forsíðumyndin er teppi sem Pétur Guðmundsson saumaði fyrir félagið.

Teppið er þakklætisvottur frá félögum bútasamsfélagsins fyrir sýningaradstöðu í Perlunni.

Pétur Guðmundsson vann að bútasaumsteppi á sýningardögum Hann skar niður efni, saumaði, straujaði niður sauma og sýndi þannig hversu mikið verk er að sauma bútasaumsteppi. Til gamans má nefna að Pétur er eini karlmaðurinn í félaginu.

Ragnheiður Björnsdóttir formaður félagsins leitaði til Péturs hvort að hann værir tilbúinn til að sauma teppi fyrir

hönd félagsins. Pétur taldi sig ekki hafa nógan tíma til þess en lét síðan tilleiðast eftir að honum var sagt að ekki væru nein tímamörk á skilum.

Þau sem eru með reksturinn á salnum völdu munstur af einu af teppunum sem voru til sýnis í Perlunni. Bjarnarklóarteppið varð fyrir valinu hjá þeim. Í framhaldinu var leitað til félagsmanna um að gefa efnisbúta í verkið.

Fékk Pétur senda bæði ljósa og dökka búta til að vinna með. Að sögn Péturs var það sérstaklega ein kona sem gaf mikið af eignum og á hún þakkir skildar fyrir gjafmildina.

Guðfinna Helgadóttir eigandi Virku

studdi einnig vel við bakið á félaginu við gerð teppisins og viljum við þakka henni sérstaklega fyrir rausnarskapinn

Pétur var oft kominn að því að gefast upp við saumaskapinn þar sem þetta var bæði tímafrekt og mikil nákvæmisvinna en sem betur fer gafst hann ekki upp þar sem hann vildi ekki láta það spyrjast út.

Það var síðan þann 23. janúar síðastliðinn að Pétur afhenti bútasaumsteppið tilbúið til stungu. Teppið fór síðan til Guðrúnar Skúladóttur sem stakk teppið fyrir félagið. Vill stjórnin fyrir hönd félagsins þakka þessum tveimur einstaklingum sérstaklega fyrir framlag þeirra.

Ég ætla að leyfa Pétri að eiga síðustu orðin: „Ég lærði heilmikið í bútasauri þegar ég var að vinna við teppið. Þegar upp er staðið er ég ákaflega ánægður og stoltur af að hafa verið beðinn um að sauma teppið. Að mér skyldi hafa verið treyst fyrir því af stjórn félagsins. Takk fyrir mig.“

*Svala Stefánsdóttir*



## Bútasaumssýning 2017

Nú er komið að því að undirbúa samsýningu Íslenska bútasamsfélagsins árið 2017.

Nokkrar tillögur eru í loftinu.

Mikilvægt er að viðhalda sýningum til að vekja áhuga á bútasauri og fá til okkar nýja félaga.

Það er ekki ákveðið hvar og hvenær sýningin verður en við vonumst eftir góðri þátttöku.

Nánari upplýsingar verða settar inn á heimasíðu félagsins og í næsta fréttabréfi, þegar að nær dregur.

*Stjórn og sýninganefnd*

# Bútasaurur

## – úti og inni – 18. júní 2016

Árið 2009 var í fyrsta sinn í Evrópu haldið uppá evrópska bútasamsdaginn (Quilting in public day). Það var evrópska bútasamsambandið (EQA), sem í eru 17 lönd í Evrópu og þar á meðal Ísland, sem stóð fyrir þessum viðburði.

Nágrannar okkar á Norðurlöndunum hafa verið duglegir við að halda uppá daginn en við höfum ekki enn tekið þessa skemmtilegu uppákomu föstum tökum. Að vísu gerðum við tilraun hér í Reykjavík í fyrrasumar, árið 2014 og sátum nokkrar í kaffiteríunni á Kjarvalsstöðum umkringdar fallegum bútasami sem vakti verðskuldaða

athygli þeirra sem áttu leið um húsið. Ætlunin hafði verið að koma sér fyrir á Miklatúni en veðrið leyfði það ekki. Í ár var ekkert gert í málinu en nú er blásið til bútasamsfagnaðar um allt land næsta sumar, laugardaginn 18. júní, en þriðji laugardagur í júní er DAGURINN ár hvert.

Stjórn Íslenska bútasamsfélagsins hvetur félagsmenn sína og aðra unndur bútasams að vera sýnilegir úti og inni – meðal fólksins – þennan dag. Þar sem veður leyfir er dásamlegt að sitja úti á opinberum svæðum eða bara í garðinum heima, með vinkonum sínum að sauma og sýna sitt. Svo má kannski fá

leyfi til að sitja á bókasöfnum eða kaffihúsum, ef veðrið er verra.

Aðalatriðið er að vekja athygli á bútasamnum, gera sér glaðan dag með góðum vinum og áhugamálinu og ekki væri verra ef áhugi vaknaði hjá gestum og gangandi að kynnast betur hversu skemmtilegt áhugamál þetta er. Það er líka gaman að hugsa til þess að út um allar hreppagrundir í 17 Evrópulöndum eru bútasamarar að gera það sama og við þennan dag.

*Góða skemmtun 18.6.2016,  
Margrét Ósk Árnadóttir*




*Amma mús  
-handavinnuhúsið*

*Þekking  
Gæði  
Þjónusta*

*Grensásvegi 46 - 108 Reykjavík - sími 5113388*





## Vorferð

Árleg vorferð bútasamsfélagsins verður laugardaginn 30. apríl næstkomandi. Farið verður stundvíslega kl. 13:00 frá Grensáskirkju.

Haldið verður austur fyrir fjall, fyrirhugað er að koma við á Eyrarbakka þar sem við fáum fróðleik frá staðkunnugum og fallegir hlutir og handverk skoðuð. Heimboð og eftirmiðdagskaffi verður á staðnum.

Síðan verður haldið í uppsveitir þar sem við snæðum kvöldverð. Fyrirhuguð heimkoma verður um kl. 21:00.

Þátttaka tilkynnist á [fingurbjorg@fingurbjorg.is](mailto:fingurbjorg@fingurbjorg.is) fyrir 16. apríl.

*Stjórnin*

